



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Aðalfundur 28. apríl 2022

Staðsetning fundar: Verkís, Ofanleiti 2, Reykjavík

Dagsetning: 28.04.2022 kl. 15:00

Mætt eru f. h. Grænnar byggðar: Ragnar, Sirrý, Alexandra, Olga, Bjarni Þór, Áróra, Íris, Katarzyna.

Fundargestir: Stjórn, framkvæmdastjóri og aðildafélagar í Grænni byggð

Fundarritari: Alexandra

Stjórnarmeðlimir fram að aðalfundi:

- Alexandra Kjeld (AK) – EFLA verkfræðistofa - alexandra.kjeld@efla.is
- Bjarni Þór Þórólfsson (BÞÞ) – Búseti – bjarni@buseti.is
- Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ) – Reitir fasteignafélag – iris@reitir.is
- Anna Sigríður Jóhannsdóttir (ASJ) – VA arkitektar - annasj.ark@gmail.com
- Olga Árnadóttir (OÁ) – Framkvæmdasýsla ríkisins / HMS– olga.arnadottir@hms.is
- Ragnar Ómarsson (RÓ)– Verkís verkfræðistofa – rom@verkis.is
- Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB) – VSÓ ráðgjöf / HÍ – sirry@hi.is

Stjórnun og skipulagning fundar:

- Áróra Árnadóttir (ÁÁ) – Framkvæmdastjóri Grænni byggðar – arora@graennibyggd.is

Fundarstjóri:

Elín Vignisdóttir - Verkís

Dagskrá fundar 28.04:

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu ári (ÁÁ)
2. Kynning á hringrásarverkefni CIRCÓN (KJ)
3. Starfsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár (RÓ)
4. Kynning á vinningstillögu Grænu Skóflunnar (ASJ)
5. Fjárhagsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár (ÁÁ)
6. Notkun á íslensku timbri í útivistarbrú yfir Þjórsár (AG)
7. Reikningsskil (ÍÞ)
8. Tillögur og breytingar á lögum félagsins
9. Kjör stjórnar
10. Kjör skoðunarmanna (sbr. 9.gr.)
11. Önnur mál



Áróra Árnadóttir opnar fundinn og úr hópi fundarmanna er Elín Vignisdóttir kjörin fundarstjóri og Alexandra Kjeld er kjörinn fundarritari.

Elín Vignisdóttir setur aðalfund Grænni byggðar og kynnir dagskrá fundar.

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins. Áróra Árnadóttir, framkvæmdastjóri

Áróra Árnadóttir, framkvæmdastjóri, kynnti störf stjórnar árið 2021. Haldnir voru reglubundnir fundir u.þ.b. 1x í mánuði yfir starfsárið. Nýir félagar bættust við á árinu, fimm aðilar í þriðja flokk og tveir aðilar í fjórða flokk. Í dag eru 5 aðilar í fyrsta flokki, 8 aðilar í öðrum flokki og mikill fjöldi aðila í þriðja og fjórða flokki.

Framkvæmdastjórinn Þórhildur Fjóra Kristinsdóttir lét af störfum á árinu, en við störfum hennar fram að ráðningu nýs framkvæmdastjóra tók annarsvegar stjórn Grænni byggðar og hins vegar sumarstarfsmaðurinn Vigdís Bergsdóttir. Nýr framkvæmdastjóri var ráðinn, Áróra Árnadóttir, sem tók við á haustmánuðum 2021.

Haldnar voru 5 rafrænar málstofur með systursamtökum GB á Norðurlöndunum. Á árinu fór einnig fram undirbúningur félagsins til að takast á við aukna starfsemi og fjölgun starfsfólks í kjölfar úrvinnslu ýmsa rannsóknarverkefna. Skipulögð voru ný samfélagsverðlaun Grænnar byggðar fyrir vistvæna mannvirkjagerð, Græna skóflan, sjá dagskrárlíð hér neðar.

Áróra sagði frá styrkveitingum og verkefnum á árinu.

Helstu tekjur á árinu:

- Aðildagjöldin skiluðu rúmlega 11 milljónum á árinu
- Rekstrarstyrkur að upphæð 600.000 kr. fékkst frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu
- 850.000 kr. fengust fyrir vinnu við verkefni HMS, Byggjum Grænni Framtíð

Umsóknir um verkefnastyrki frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu:

- Greining á ávinningi og kostnaði umhverfisvottana, a. & b.
- Kortlagning og leiðbeiningar um nýtingarmöguleika mismunandi byggingarúrgangs
- Leiðbeiningar um endurnotkun, endurvinnslu og aðra endurnýtingu byggingarefna við hönnun nýrra mannvirkja og á endurbótum
- Leiðbeiningar um ábyrgt niðurrif
- Samtals var sótt um verkefnastyrki fyrir 21,9 milljónir og voru þrjár af fimm umsóknum samþykktar fyrir 13,5 milljónir

Umsóknir um styrk í Ask – mannvirkjarannsóknarsjóð

- HringRás í samstarfi við Arkitektafélag Íslands, Háskóla Íslands, Miðstöð hönnunar og arkitektúrs, EFLU og VSÓ
- Orkunotkun – hönnuð og mæld í samstarfi við EFLU, Háskóla Íslands og Háskóla Reykjavíkur, þar sem Reitir og Reginn eru samstarfsaðilar

Útgefna skýrslur á árinu – allar aðgengilegar á heimasíðu Grænni byggðar:

- Ferðavenjur foreldra og barna til leikskóla. Áhugaverðar niðurstöður þar
- Græn stefnumótun – Byggjum grænni framtíð

Skýrsla stjórnar var lögð undir fundargesti og samþykkt einhljóða.



2. Kynning á hringrásarverkefninu CIRCON

Katarzyna Jagodzinska kynnti nýtt verkefni, CIRCON, sem Grænni byggð hóf vinnu við í byrjun apríl. Katarzyna kynnti sig og bakgrunn sinn, en hún er pólskur verkfræðingur með doktorsgráðu frá Chalmers háskóla í Svíþjóð - PhD í Circular Economy & Waste Management.

Verkefnið CIRCON er nýhafið og er til tveggja ára, samstarfsverkefni GBC í Póllandi og Íslandi ásamt háskólanum í Silesia. Verkefnið snýr að samantekt á þekkingu í hringrásarsamfélaginu innan byggingargeirans. Haldnar verða reglubundnar vinnustofur með öllum aðilum byggingargeirans til að kortleggja þarfir til að stuðla að hringrásarhagkerfi á byggingarmarkaði. Reynt verður að svara m.a. eftirfarandi lykilspurningum:

- Hvað er hringrásarbygging?
- Hvaða vísa ætti að líta til við skilgreiningu slíkrar byggingar?

Í kjölfarið verður tekinn saman þekkingarbanki (e. Compendium of knowledge) og verður honum miðlað með ráðstefnum á Íslandi og í Póllandi, á vefsíðu, með vinnustofum o.fl. Heildarkostnaður verkefnis er 418,132 EUR, þ.e. styrkur upp á 355,415 EUR og Grænni byggð fær 146,525 EUR – þar af er 6% eigið framlag eða 25,855 EUR.

Katarzyna hvatti félagi til að kynna sér verkefnið og hafa samband ef einhverjar spurningar vakna, kjaq@graennibyggd.is

3. Starfsáætlun stjórnar

Ragnar Ómarsson, formaður, kynnti starfsáætlun stjórnar fyrir 2022.

Starfsáætlun er reist á grundvelli fimm ára stefnumótunar sem unnin var á opnum fundi aðildarfélaga þann 17. mars 2020. Verður þessu stefnumótun endurskoðuð á þessu ári.

Starfsáætluninni er skipt í þrennt hvað starfsemi Grænni byggðar varðar – rekstur, starfsemi og áherslur, að efla og treysta alla þessa þætti.

Ein af áherslum samtakanna er að efla Dag Grænni byggðar. Efni af þessum degi hefur verið gert aðgengilegt á undanförunum árum, og er ætlunin að halda því áfram. Meðal annarra áherslna er að veita stjórnvöldum ráðgjöf um stefnumótun á vettvangi sjálfbærni – ólíkt umsagnarhlutverki um tillögur opinberra aðila sem til þessa hefur verið helsta tenging GB varðandi stefnumótun opinberra aðila.

Brýnt er að halda áfram stöðugu samtali milli aðila og efla samneyti og tengsl.

Engar athugasemdir voru gerðar við tillögu að starfsáætlun og hún samþykkt.

4. Kynning á vinningstillögu Grænu Skóflunnar

Anna Sigríður Jóhannsdóttir, stjórnarmeðlimur Grænnar byggðar, kynnti vinningstillögu fyrir verðlaunagrip Grænu Skóflunnar. Haldin var samkeppni í LHÍ á vormánuðum 2022 um hönnun á verðlaunagrip. Í dómnefnd sátu Anna Guðmunda Ingvarsdóttir aðstoðarforstjóri, f.h. HMS, Anna Sigríður Jóhannsdóttir arkitekt f.h. Grænnar byggðar, og Katrín Ólína Pétursdóttir, deildarforseti Hönnunardeildar, fyrir hönd Listaháskóla Íslands.



Græna Skóflan: Viðurkenning Grænni byggðar fyrir mannvirki sem byggt hefur verið með framúrskarandi vistvænum og sjálfbærum áherslum.

6 tillögur bárust í samkeppninni, mjög fjölbreyttar. Fyrir valinu varð verðlaunagripur **Heklu Dísar Pálsdóttur** sem verður útfærður fyrir verðlaunaafhendingu Grænu Skóflunnar. Tillagan hafði fjölbætta framsetningarmöguleika, sem og skírskotun til byggingar- skipulags eða innviðaverkefna.



Niðurstaða dómnefndar: „Tillaga Heklu Dísar Pálsdóttur með auðkenni 007007 hefur að bera einfaldleika í formi og útfærslu sem vísar ákveðið í heiti viðurkenningarinnar með formi skóflu skorið út úr massívum hlut. Gripurinn er óháður skala og getur þannig bæði verið gripur sem er afhentur í hendi og stærri gripur sem er staðsettur utandyra til merkingar mannvirkis sem hlotið hefur viðurkenningu. Höfundur læsir ekki efnisvali heldur er gefinn kostur á mismunandi efni. Þannig hefur gripurinn alla möguleika til að vera úr vistvænu efni, endurnýttu, hagkvæmu og viðhaldslitlu. Einfalt formið styrkir þann eiginleika. Útfærsla tillögunnar er stutt á veg komið en gefur góð fyrirheit um nánari útfærslu, einnig sem mögulegur gripur í tvívíðu formi sem skjöldur á vegg. Verðlaunagripurinn 007007 ber beina vísun í heiti verðlaunanna og getur með umhverfisvænu efnisvali og nánari útfærslu talað skýrt inn í hugmyndafræði Grænni byggðar og hefur þannig alla burði til að verða eftirtektarverður og eftirsóknarverður verðlaunagripur.“

5. Fjárhagsáætlun stjórnar. Áróra Árnadóttir, framkvæmdastjóri

Áróra fór yfir fjárhagsáætlun stjórnar 2022. Búið er að ná inn 65% af aðildagjöldum sem alls eru u.þ.b 7,3 m.kr.

Heildarráðstöfunartekjur eru áætlaðar u.þ.b. 38 m.kr. og vega þar þyngst rannsóknarstyrkir. Stærsti einstaki liðurinn er verkefnastyrkur UAR eða 13,5 m.kr.

Kostnaður er áætlaður u.þ.b. 39 m.kr. Stærsti kostnaður félagsins er launakostnaður starfsmanna, eða um 20 m.kr. fyrir 4 starfsmenn í mismunandi starfshlutfalli, sem byrja á mismunandi tímum ársins. Aðkeypt sérfræðiaðstoð á árinu er áætluð 10 m.kr.

Fjárhagsáætlun var samþykkt einhljóða.



6. Notkun á íslensku timbri í útivistarbrú yfir Þjórsár

Andri Gunnarsson, brúarverkfræðingur hjá EFLU kynnti notkun á íslensku timbri í útivistarbrúa yfir Þjórsá, verkefni Landsvirkjunar sem unnið var í samráði við Skógræktina og Límtré-Vírnet. Notað var sitkagreni úr Haukadalssskógi og þurfti um 1400 m² af timbri. Timbrið var hoggð að vetri til að vernda jarðveg og þurrkað á Ásólfstöðum. Efni var þannig fengið innan 50 km radíus frá framkvæmd og efnisflutningar þannig í lágmarki.

Á Íslandi vantar þróaðri vinnsluferla á timbrinu (þurrkun, flokkun) og enn sem komið er er ekki til vottað ferli. Timbrið (límtré) var þó CE-vottað gegnum vinnsluferli Límtré-Vírnets á Flúðum.

Andri sýndi myndir frá framkvæmdinni og vakti athygli á viðarvörninni sem var notuð, en almennt eru ýmsir möguleikar í boði og mikilvægt að huga vel að viðarvörninni, hvort sem notuð er fúavörn, náttúruleg tjara eða olía eða þá að útfæra eða hanna deili þannig að timbrið sé vel varið gagnvart raka og veðurárun.

7. Reikningsskil. Íris Þórarinsdóttir, gjaldkeri.

Íris, gjaldkeri, kynnti ársreikning félagsins fyrir 2021. Aðaltekjur eru aðildargjöldin, alls kr. XXXX á árinu 2021. Hagnaður ársins 2021 voru 36 þús. kr. Launatengd gjöld lækkuðu þar sem nýr framkvæmdastjóri sem tók við á seinni hluta árs er með lægra starfshlutfall en sá sem fyrir var.

Gyða Mjöll og Kristján Arinbjarnar skoðunarmenn skoðuðu reikninginn fyrir aðalfundinn og gerðu engar athugasemdir. Stóðst hann áætlun og voru engar athugasemdir gerðar við reikninginn.

Engar spurningar bárust um ársreikning og var hann samþykktur samhljóða.

8. Tillögur og breytingar á lögum félagsins.

Engar tillögur bárust fyrir fundinn um breytingum á lögum félagsins.

9. Kjör stjórnar.

Elín kynnti stöðu stjórnar á þessum aðalfundi, þ.e. fjögur sæti til kjörs:

Ragnar Ómarsson stjm. 2020-2022

Bjarni Þór Þórólfsson stjm. 2020-2022

Alexandra Kjeld stjm. 2020-2022

Sigríður Ósk Bjarnadóttir vm. 2020-2022

Allir ofangreindir bjóða fram sína krafta áfram. Óskað var eftir framboðum úr sal. Sunna Hrönn Sigmarsdóttir hjá Reginn kynnti sig á fundi og bauð sig fram til stjórnarstarfa. Bjarni Þór dró til baka eigið framboð, þar sem hann var búinn að sitja tvö stjórnartímabil og þótti einboðið að bjóða Sunnu velkomna til starfa.



Ekki bárust fleiri framboð og voru nýir stjórnarmeðlimir því sjálfkjörnir:

Ragnar Ómarsson stjrn. 2022-2024

Sunna Hrönn Sigmarsdóttir stjrn. 2022-2024

Alexandra Kjeld stjrn. 2022-2024

Sigríður Ósk Bjarnadóttir stjrn.. 2022-2024

Eftirfarandi stjórnarmenn sitja áfram til næsta árs:

Íris Þórarinsdóttir stjrn. 2021-2023

Olga Árnadóttir stjrn. 2021-2023

Anna Sigríður Jóhannsdóttir vm. 2021-2023

10. Kjör skoðunarmanna (sbr. 9. gr.)

Skoðunarmenn: Gyða Mjöll Ingólfssdóttir hjá Reykjavíkurborg, Kristján Arinbjarnar hjá ÍA. Þau gátu því miður ekki verið viðstödd í dag. Kristján býður sig áfram til starfa við skoðun reikninga og Bjarni Þór, fráfarandi stjórnarmaður, býður sig einnig fram. Samþykkt einhljóða.

11. Önnur mál.

Fyrir fundinn barst ábending frá skoðunarmönnum um hóflega hækkun aðildargjalda. Bent var á að það væri skynsamlegra að hafa fleiri hóflegar hækkarnir heldur en fáar háar. Ragnar bar upp tillögu að hækkun aðildargjalda.

Flokkur 4: Úr 25.000 í 30.000 (20% hækkun)

Flokkur 3: Úr 133.000 í 150.000 (12% hækkun)

Flokkur 2: Úr 400.000 í 440.000 (10% hækkun)

Flokkur 1: Úr 665.000 í 720.000 (8% hækkun)

Þessar tillögur voru ræddar. Lagt var til á fundi að fá ráðgjöf utan frá til að aðstoða við fjárhagsramma félagsins og voru fundargestir sammála. Gerð var tillaga um að hækkun aðildargjalda yrði rædd innan stjórnar. Einnig væri ekki óeðlilegt að tekið væri á aðildagjöldum í lögum félagsins. Fundargestir voru sammála um að eðlilegt væri að hækka, þetta væri einungis spurning um fyrirkomulag og hvernig og hvenær slík hækkun yrði kynnt til sögunnar.

Farið var yfir 6.gr. laganna og lagt til að unnar yrðu breytingatillögur fyrir næsta aðalfund (eða með aukaaðalfundi). Æskilegt að stjórn sé skipuð með sem breiðustum hætti og með jafnri kynjaskiptingu, en það er ekki staðan með nýrri stjórn. Einnig var lagt til að skýra betur framboð til stjórnarkjörs, að framboð liggi fyrir með t.d. 3ja daga fyrirvara. Gerðar verða tillögur fyrir næsta aðalfund (eða aukaaðalfund).

Bjarni og Guðrún lögðu til að haldinn yrði aukaaðalfundur fljótlega þar sem farið væri yfir breytingartillögur á lögum félagsins, og að skerpt yrði þar á aðildagjöldum. Tækifæri væri þar að tengja aðildagjöld við vísitölu. Tillaga var borin upp að halda aukaaðalfund í haust, í



námunda við Dag grænni byggðar (mögulega samdægurs), og var sú tillaga samþykkt einhljóða af fundargestum.

Bjarni Þór, fráfarandi stjórnarmaður, þakkaði fyrir gefandi samstarf í stjórn sl. 4 ár og hlaut hátt lófatak fundargesta að þökk.

Fleira var ekki gert. Fundi er slitið kl. 17:00.